

*Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi*

*10. október 2013*

*Ágætu foreldrar/forráðamenn.*

Það er búið að vera af nógu að taka í skólastarfinu undanfarnar tvær vikur. Vinaliðar í 4. – 6. bekk fóru á vinaliðanámskeið í Varmahlíð. Nemendur 9. og 10. bekkjar fóru á fyrirlestur um sjálfsmynd unglunga einnig í Varmahlíð. Gideonfélagar heimsóttu 4. – 6. bekk og fékk þar 5. bekkur að gjöf Nýja testamentið. Umhverfisdagurinn var haldinn, þar sem 1. -3. bekkur gerði tímaritaöskjur úr morgunkornspökkum, 4. – 6. bekkur gerði pappír, 7. og 8. bekkur endurnýjaði merkingar í skólanum sem varða t.d. að spara vatn, rafmagn og pappír, 9. og 10. bekkur gerði bekki úr vörubrettum. 9. bekkur fór á að heimsækja 9. bekk á Sauðárkróki og tók þátt í forvarnardeginum með þeim.

***Kennsla fellur niður eftir hádegi miðvikudaginn 16. október.***

Vegna námskeiðs hjá kennurum miðvikudaginn 16. október, fellur kennsla niður eftir kl.11:50. Er þá skólaakstur eins og venjulega á þeim tíma. Sólgarðadagurinn sem vera átti þann dag frestast um ótiltekinn tíma.

***Bleikur dagur***

Starfsfólk skólans tók þátt í bleika deginum í fyrra og ætlar að endurtaka leikinn næsta föstudag, 11. október, og eru nemendur hvattir til að vera með að þessu sinni, til stuðnings baráttu gegn krabbameini.

***Vinadagurinn í Skagafirði***

Miðvikudaginn 23. október verður haldinn Vinadagur í Árskóla þar sem allir skólar í Skagafirði verða samankomnir. Fer dagskráin fram á skólatíma.

***Vetrarfrí***

Vetrarfrí verður fimmtudaginn 17. október og föstudaginn 18. október. Skólastarf hefst svo aftur á venjulegum tíma mánudaginn 21. október.

***Foreldraviðtöl 24. október***

Fimmtudaginn 24. október verða foreldraviðtöl, skóla lýkur kl. 12:40 þann dag. Foreldrum verður úthlutaður tími þegar nær dregur.

***Samlokusala hjá nemendafélaginu***

Nemendafélag skólans ætlar að selja samlokur í lok hvers skóladags. Er þetta fjáröflun fyrir skólaferðalagið. Seldar verða samlokur á 250 kr. og svali á 120 kr. Nemendur þurfa að panta samlokur fyrir morgunkaffi.

*Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi*